

Nd. 103. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal heimill verðmunur ofangreindra vara, sem stafar af mismunandi kostnaði, svo sem mismunandi vörugjöldum á útsölustöðunum sjálfum eða umskipunarhöfnum til þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni viðskiptamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

„Einn kostnaðarliður í sambandi við flutning, sem verðjöfnunarsjóður hefur greitt, er vörugjöld. Þau eru nú mjög mishá á hinum ýmsu höfnum, allt upp í kr. 30.00 pr. tonn. Í nágildandi reglugerð um verðjöfnun er sett hámark þeirra vörugjalda, sem verðjöfnunarsjóður greiði, kr. 12.00 pr. tonn. Ef verðjöfnunarsjóður greiddi vörugjöldin að fullu, gæti verðjöfnunin valdið tilhneigingu hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum til þess að hækka þessi gjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til þess að ákveða mismunandi útsöluverð á olíu, sem stafar af mismunandi kostnaði, svo sem vörugjöldum, sem leggst á olíuna á útsölustöðum eða umskipunarhöfnum til þeirra. Verðjöfnunarsjóður mundi greiða þessa kostnaðarliði að vissu marki, en það, sem umfram væri, yrðu kaupendur olíunnar að greiða sjálfir í þeim tilfellum, þar sem þessir kostnaðarliðir væru óvenjulega háir.

Ákvæði frumvarpsins ættu að verða aðhald viðkomandi yfirvöldum um að stilla vörugjöldum og öðrum kostnaði í hóf.“